



Fundur Skráðu tegund fundar hér	Skólaráðsfundur
Dagsetning	22. September 2025
Fundur hefst kl.	8:25
Mættir Skráðu öll þau sem mættu á fundinn	Guðmundur Finnbogason, skólastjóri – Formaður ráðsins Gunnlaugur Ernst Hákonarson – Fulltrúi nemenda (miðstig) Kristín Ágústa Axelsdóttir – Fulltrúi nemenda (elsta stig) Elín Anna Lárusdóttir - Fulltrúi foreldra Þórdís Bjarnadóttir – Fulltrúi nærsamfélags Elin Margareta B Moqvist – Fulltrúi starfsfólks Helena Steinþórsdóttir – Fulltrúi kennara Sigríður B. Gylfadóttir – Fulltrúi Kennara
Fjarverandi Skráðu öll þau sem ættu að sitja fundinn en eru fjarverandi	
Fundardagskrá Skráðu fundardagskrá eins og hún var gefin út fyrir fundinn	1. Fundarsetning 2. Meðlimir skólaráðs kynntir 3. Starfsreglur skólaráðs og verkefni 4. Starfsáætlun skólaráðs fyrir komandi vetur 5. Skólareglur – drög til kynningar 6. Starfsáætlun – drög til kynningar 7. Akstursáætlun skólabíla 8. Fundarslit
Fundargerð Hér skal setja niður dagskrá fundarins. Athugið að ákveðnir fundir kunna að hafa fasta dagskrárliði sem gera þarf ráð fyrir.	1. Fundarsetning Guðmundur setti fundinn og baðst afsökunar á stuttum fyrirvara. Ekki voru gerðar athugasemdir við það. 2. Meðlimir skólaráðs kynntir Farið var yfir þá sem sitja í skólaráði. Enn vantar einn fulltrúa foreldra en vonir standa til að hann finnist eftir aðalfund foreldrafélagsins. 3. Starfsreglur skólaráðs og verkefni



	GF kynnti drög að starfsreglum skólaráðs. Þær voru samþykktar af ráðinu. Einnig var farið yfir þau verkefni sem að skólaráð sinnir. 4. Starfsáætlun skólaráðs fyrir komandi vetur Farið var yfir drög að starfsáætlun skólaráðs og hún samþykkt. 5. Skólareglur – drög til kynningar Kynnt voru drög að nýjum skólareglum. Skólaráð var ánægt með breytingarnar. Bent var á mikilvægi þess að reglur fyrir skólabíla væru einnig endurskoðaðar og kynntar fyrir nemendum og bílstjórum. 6. Starfsáætlun – drög til kynningar Drög að starfsáætlun var kynnt. Ekki voru gerðar athugasemdir við hana og skólaráð almennt ánægt með þær áherslur sem þar birtast. 7. Akstursáætlun skólabíla Akstursáætlun er á heimasíðu skólans. Gerðar hafa verið breytingar á henni til að koma til móts við þá nemendur sem eiga um lengstan veg að fara. Ekki er útilokað gera þurfi frekari breytingar á áætluninni. Sérstaklega getur slíkt komið upp ef að breytingar eru á nemendafjölda. Akstur á Flúðir með 10. Bekk er krefjandi verkefni og setur áætluninni nokkrar skorður. 8. Fundarslit Fundu slitið klukkan 9:05		
Verkefnalisti	Verkefni:	Ábyrgðaraðili:	Lokið fyrir:



Sláðu inn verkefni sem þarf að vinna eftir þennan fund ásamt þeim sem eru ábyrgir fyrir því að þau verkefni verði leyst og áætluð verkefnislok ef það á við.	Tilnefna þarf annan fulltrúa foreldra.	Guðmundur Finnbogason	Næsta fund ráðsins
Fundaritari	Guðmundur Finnbogason		
Fundi lokið kl.	9:05		